



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Dómsmálaráðuneyti
v. fyrirhugaðra breytinga á kosningalögum.

Sent í samráðsgátt stjórnvalda 14. júní 2022.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps bókaði á fundi sínum 11. apríl 2022 vegna ákvæða kosningalaga og var eftirfarandi sent á forsætisnefnd Alþingis, stjórnslu- og eftirlitsnefnd Alþingis og Landskjörstjórn þann 12. apríl 2022:

“Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps fjallaði um komandi sveitarstjórnarkosningar á fundi sínum í gær. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn hvetur Alþingi til að yfirfara og breyta nú þegar ákvæðum um hæfi kjörstjórnarmanna í kosningalögum, þannig að öllum vafa um framkvæmd og lögmeiti sveitarstjórnarkosninga sé eytt.“

Tilfni bókunarinnar eru ákvæði um hæfi í 18. grein kosningalaga nr. 112/2021, þar sem farið er yfir vanhæfi kjörstjórnarmanna ef tengdir aðilar eru „í kjöri“ til sveitarstjórnar. Einnig ákvæði 49. greinar laganna liður b., en þar segir m.a. „..... þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.“

Vakin er athygli að að orðalagið „í kjöri“ er hér jöfnum höndum nota um frambjóðendur á listum og alla kjörgenga íbúa sveitarfélaga þar sem ekki koma fram listar. Þetta vekur áleitnar spurningar um niðurstöðu fyrir dómi, færi svo að einhver kærði framkvæmd kosninga í sveitarfélagi eins og Grýtubakkahreppi þar sem ekki hafa komið fram listaframboð. Samkvæmt þessum ákvæðum laganna eru óhlutbundnar kosningar óframkvæmanlegar svo standist lögin. Af þessu hefur sveitarstjórn áhyggjur og því kom þessi bókun til.”


Á fundi sínum í gær tók sveitarstjórn Grýtubakkahrepps fyrir erindi dómsmálaráðuneytis um fyrirhugaða endurskoðun kosningalaga og bókaði eftirfarandi:

„5. Frá dómsmálaráðuneyti, mál í samráðsgátt, áform um breytingar á kosningalögum, dags. 30. maí 2022.

Sveitarstjórn vísar til bókunar sinnar frá 11. apríl s.l. og felur sveitarstjóra að senda bókunina á ný, í samráðsgáttina að þessu sinni.“

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Grenivík 14. júní 2022,



Þróstur Friðfinnsson, sveitarstj.